

Mál nr. 180/2006

**M
og
Vátryggingafélagið X v/ bifreiðarinnar A
og
Vátryggingafélagið Y v/ bifreiðarinnar B**

Áræktur á bifreiðastæði við Vídalínskirkju í Garðabæ þann 12.5.2006.

Gögn.

1. Málskot, móttækið 19.9.2006, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 22.9.2006.
3. Bréf Y, dags. 2.10.2006.

Málsatvik.

Bifreiðinni A var ekið aftur á bak áleiðis í bifreiðastæði, þegar bifreiðinni B var ekið aftur á bak úr bifreiðastæði á móti stæði því sem ökumaður A hugðist aka í. Rákust þá saman hægra afturhorn B og vinstri hlið A.

Ökumaður A kvað B hafa verið bakkað á A. Vitni hafi kallað til að vara ökumenn við. Kvaðst ökumaður A hafa stöðvað við það, en um leið hafi B skolið á A.

Ökumaður B kvaðst hafa ætlað að laga B í stæðinu og verið búinn að athuga hvort bifreiðir væru fyrir aftan sig. A hafi verið ekið fram hjá, en ökumaður hennar svo ákveðið að bakka í stæði fyrir aftan B. Hafi A svo verið ekið í veg fyrir B.

Þrjú vitni hafa ritað skýrslur um atvikið, þar sem þau telja að ökumaður B hafi ekki haft hugann við aksturinn um það leyti sem árækturinn varð.

Álit.

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en ökumenn hafi ekki vitað af ferðum hins fyrr en í þann mund sem áræktur varð. Hvorugur gætti því að ákvæði 1. mgr. 17. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, en samkvæmt því skal ökumaður, áður en hann snýr ökutæki eða ekur því aftur á bak, ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu eða óþæginda fyrir aðra. Eiga báðir ökumenn því sök á árækstrinum og ekki hefur verið sýnt fram á að annar þeirra eigi meiri sök en hinn. Skýrslur vitna breyta þessu ekki. Eftir atvikum öllum ber því að skipta sök að jöfnu milli ökumanna.

Niðurstaða.

Hvor ökumanna ber helming sakar.

Reykjavík, 25. október 2006.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.